




## Lesskilningur




**Þrjár setningar passa við hverja mynd!**



- 1 Strákar, réttið upp hönd sem ætlið á Akureyrarmótið.
- 2 Hann gengur frá umslaginu í töskunni.
- 3 Tvær hendur eru á lofti.
- 4 Hún opnaði dyrnar og varð alveg steinhissa á því sem hún sá.
- 5 Það er svo heitt í stofunni.  
Þau eru að stikna úr hita.
- 6 Pöddurnar hrynda úr hárinu á henni.
- 7 Þeir standa fyrir framan bekkinn.
- 8 Þið eigið að skrifa stikkorð um viðburði sumarsins.
- 9 Taskan er á gólfínú.
- 10 Hann leit ekki á einkunnirnar sínar.
- 11 Nú detta mér allar dauðar lýs úr höfði!
- 12 Þau sjá í bakið á henni.

## Lesskilningur



Tvö atriði eru rétt í hverju verkefni. Settu x við þau.

- Stikkorð um viðburði?  
Hvað meinarðu Inga?  
Talaðu íslensku, laumar Ari út úr sér.  
Inga andvarpar.  
Svo segir hún ofur rólega:



Viðburðir eru t.d.  
eittkvæð gerist:

Óvenjulegt,  
skemmtilegt,  
merkilegt,  
ógleymanlegt,  
spennandi.

### 1. Hvað af þessu telur þú vera viðburð?

- Landsliðið í fótbalta tryggði sér sæti á HM (heimsmeistarakeppni).
- Ari og Anna vakna á mánudagsmorgni í nóvember til að fara í skólann.
- Óli og Óttar fara í fyrsta skipti á ævi sinni með pabba til Spánar.
- Inga kennari sagði krökkunum að vinna verkefni.


### 2. Inga andvarpar af því að:

- Hún er mjög þreytt.
- Henni finnst Ari dónalegur en stillir sig um að skamma hann.
- Henni þykir leiðinlegt að börnin skilja ekki orðin sem hún notar.
- Hana verkjar í hendina þegar hún skrifar á töfluna.

### 3. Sumir krakkarnir á myndinni eru búinir að fækka fötum af því að:

- Þau eru á leiðinni í leikfimi.
- Sólin skín inn um gluggann.
- Þau eru að stríða Ingu kennara.
- Þau eru að stikna úr hita.

## Með öðrum orðum



1	Orð eru til alls fyrst.	<input type="text"/> 3	Mjög rólega.
2	Að lauma út úr sér orðunum.	<input type="text"/> 4	Byrjið að vinna.
3	Ofur rólega.	<input type="text"/> 1	Allt byrjar með því að tala um það.
4	Komið ykkur að verki.	<input type="text"/> 5	Það er alls ekki þannig.
5	Því fer fjarri.	<input type="text"/> 2	Segja eitthvað svo lítið beri á.

Hjálp!

Á bls. 44-45






### 6. Tvennt merkir það sama og Nú detta mér allar dauðar lýs úr höfði!

- Ég er með lús.
- Nú er ég hissa.
- Nú missi ég vitið.
- Ég á ekki eitt einasta orð.

Tvennt =  
2 atriði

7	Snarlega.	<input type="text"/> 11	Ánægður með sig.
8	Allra augu eru á þeim.	<input type="text"/> 7	Skyndilega eða snögglega.
9	Að vera misboðið.	<input type="text"/> 10	Um leið.
10	Í sama bili.	<input type="text"/> 8	Það horfa allir á þá.
11	Kotroskinn.	<input type="text"/> 9	Að móögast.


## Lesskilningur



**þrjár setningar passa við hverja mynd!**

- 1 Allt í einu kvíknar á perunni.
- 2 Ég læt ykkur vita ef ég frétti eithvað.
- 3 Þeir hópast saman á miðjum vellinum.
- 4 Þrír kranar, þrjár bunur.
- 5 Ari fann ráð til að fá fréttir af Sæma.
- 6 Þeir horfa ráðvilltir hver á annan.
- 7 Orðin streyma eins og vatn úr krana.
- 8 Sumir eru í stuttbuxum.
- 9 Þykist vera að tala í síma.
- 10 Hver skrúfaði frá?
- 11 Bless, bless, segir hann og vinkar Ara.
- 12 Vísifingurinn er á lofti.  
Hann fékk góða hugmynd.

## Lesskilningur



### 1. Tvennt er rétt.

Strákarnir eru að flýta sér af því að

- þeir ætla að ná í skottið á Sæma.
- þeir vilja kveðja og knúsa Ingu á undan stelpunum.
- þeir vilja hitta Sæma áður en hann fer heim til sín.
- þeir eru að stikna úr hita.

Prennt =  
3 atriði

### 2. Hvernig hefur háttalag Sæma breyst að mati strákanna?


Eitthvað prennt af eftifarandi:

- \* Vill ekki leika sér lengur við besta vin sinn.
- \* Skrópar á fótboltaæfingum.
- \* Hleypur heim í frímínútum og kemur ekki aftur í skólann.
- \* Glápir út í loftið og fylgist illa með í skólanum.
- \* Er ekki lengur spenntur fyrir einkunnunum sínum.
- \* Er alltaf að kvarta um magapínu.

### 3. Af hverju hagar Sæmi sér undarlega? Settu x við tvennt

- Hann hefur áhyggjur af einhverju.
- Hann er eitthvað veikur.
- Hann vill vera heima í tölvuleik.
- Honum líður illa innra með sér.

## Með Öðrum orðum



1	Að fá botn í málið.	<input type="checkbox"/> 5	Að tala um. Segja hvað manni finnst.
2	Uppgötva.	<input type="checkbox"/> 3	Að vera horfinn eða farinn.
3	Að vera á bak og burt.	<input type="checkbox"/> 1	Að fá skýringu á málinu.
4	Ráðvilltur.	<input type="checkbox"/> 2	Skilja. Átta sig á.
5	Að tjá sig.	<input type="checkbox"/> 4	Ringlaður.

Hjálp!



Á bls. 45-46

### 6. Tvennt merkir það sama og að leggja á ráðin

- Að ákveða hvað á að gera.
- Að leggja mikið á sig.
- Að vilja ráða öllu.
- Að skipuleggja fyrst það sem á að gera.

7	Háttalag.	<input type="checkbox"/> 8	Maður fær hugmynd.
8	Það kvíknar á perunni.	<input type="checkbox"/> 7	Hegðun.
9	Fjarskyldur.	<input type="checkbox"/> 10	Kinka kolli.
10	Nikka til einhvers.	<input type="checkbox"/> 9	Ekki náskyldur. Lítið skyldur.


## Lesskilningur



Finndu setningar sem passa við myndirnar og númeraðu þær.

- 4 Sjaldan er ein báran stök.
- 3 Fyrirtækið fór á hausinn.
- 1 Amma bauð þeim í pönnukökur og kakó.
- 2 Hún er skotin í Sæma.
- 1 Umm, þetta smakkast vel.
- 3 Hér mætir enginn í vinnu. Það er búið að loka.
- 4 Fyrst missti Hrafn vinnuna, síðan veiktist hann alvarlega.
- 5 Hugsar sig um og trommar um leið með fingrunum á borðið.
- 2 Þeir grípa öll tækifæri til að striða henni með Sæma.
- 5 Það sem sést af afa eru fimm fingur.

## Lesskilningur



### 1. Sársaukinn leynir sér ekki í rödd Gauta.

Hvað er að Gauta? Tvennt er rétt.

- Gauti saknar Sæma.
- Gauti er með hálsbólgu.
- Gauti er sorgmæddur. Honum finnst hann hafa misst vin sinn.
- Gauti meiddi sig.

### 2. Af hvaða tilefni hætti Hrafn, pabbi Sæma, að vinna?

Fyrirtækið sem hann vann hjá fór à hausinn.

3.

Óli og Óttar eru á leiðinni í boð með mömmu sinni.

- Þið eigið að fara í sparifötin ykkar, segir mamma.

Af hverju þurfum við að vera svona fínir?, spyr Óli.

- Við erum að fara í veislu.

Hann pabbi minn, sem var afi ykkar, hefði orðið 100 ára  
í dag, ef hann hefði lifað, svarar mamma þeirra.

Af hvaða tilefni fóru strákarnir í sparifötin?

Þeir voru á leiðinni í 100 ára afmæli.

4.

Pabbi Elam keypti Lottómiða.

Hann settist fyrir framan sjónvarpið og

horfði spenntur á tölurnar birtast á skjánum.

Þegar síðasta talan birtist, stökk hann upp úr stólnum,


hoppaði og dansaði um gólfíð og hrópaði:

- Nú get ég keypt flugmiða handa okkur öllum til Filippseyja.

Af hvaða tilefni fór Elam til Filippseyja?

Pabbi hennar vann i lottói og fékk peninga  
svo hann gat keypt flugmiða.

## Með öðrum orðum



1 Stöku sinnum.

2

Ertu ánægður?

2 Ertu sáttur?

4

Er að hugsa um.

3 Lát heyra.

1

Stundum.

4 Er með hugann við.

3

Segið mér frá.

Hjálp!

Á bls. 46-48

### 6 Tvennt merkir það sama og

*Stelpurnar fylgdu í humátt á eftir strákunum.*

- Þær fóru á eftir strákunum án þess að mikið bæri á því.
- Þau gengu hlið við hlið á leiðinni í skólann.
- Þær læddust á eftir strákunum.
- Þær hlupu til þess að ná strákunum.

7 Brúnin á afa þyngist.

10

Það sem þarf að borga.

8 Áföll.

9

Þá eru minni peningar til.

9 Þá er úr minna að spila.

11

Allir þagna um leið.

10 Útgjöld.

7


Afi verður áhyggjufullur á svipinn.

11 Það slær þögn á hópinн.

8

Erfiðleikar og leiðindi sem hafa áhrif á lífið..

## Lesskilningur



Finndu seinni hluta setninganna og númeraðu.

1	Það marrar í sykrinum um leið og	pabbi hans sé veikur.	<input type="text"/> 4
2	Við verðum að útvega peninga svo	skellir á okkur hurðinni.	<input type="text"/> 5
3	Það er lítið hægt að gera ef	Sæmi komist á mótið.	<input type="text"/> 2
4	Á réttu augnabliki segið þið að þið hafið frétt að	Óttar skellir tönnunum í tíundu pönnukökuna.	<input type="text"/> 1
5	Kannski vill Sæmi ekki leika við okkur og	hann vill ekki tala við neinn.	<input type="text"/> 3


Hvað er Ari að hugsa um?



Nemandi gæti sagt með eigin orðum eitthvað í þessa átt:

Ari heldur að Sæmi vilji ekki  
leika við þau og skelli hurðinni á þau  
þegar hann sér þau. Það er óþægilegt.

## Lesskilningur



1 Hvaða vanda þarf að leysa til þess að  
Sæmi komist með á Akureyrarmótið?  
Skrifaðu um tvennt.

### Texti

Það leynir sér ekki að Óttar er áhyggjufullur.  
Við verðum að útvega peninga  
svo Sæmi komist á mótið.  
- Kannski vill hann ekki fara á mótið  
af því að pabbi hans er veikur,  
segir Anna. Hvað getum VIÐ gert  
svo honum líði betur?  
- Það er lítið hægt að gera  
ef hann vill ekki tala við neinn, segir Ari.  
Ekki einu sinni við besta vin sinn.

- \* Að útvega peninga.
- \* Að fá Sæma til að tala um það  
sem honum líður illa með.


### Hvað er Ari að hugsa um?



Nemandi gæti sagt með eigin orðum eitthvað í þessa átt:

Ari heldur að Sæmi vilji ekki  
leika við þau og skelli hurðinni á þau  
þegar hann sér þau. Það er óþægilegt.

## Með öðrum orðum



- |  |                        |   |
|--|------------------------|---|
| 1 Hann er <i>daufur í dálkinn.</i>             | <input type="text"/> 2 | Drekkur hratt í smásopum.               |
| 2 Hann <i>sötrar.</i>                          | <input type="text"/> 5 | Að átta sig allt í einu<br>á einhverju. |
| 3 Að <i>fá hól.</i>                            | <input type="text"/> 4 | Krakkarnir byrja öll að tala.           |
| 4 Nú <i>losnar um málbeinið hjá krökkunum.</i> | <input type="text"/> 1 | Hann er leiður.                         |
| 5 Að <i>finna eitthvað á sér.</i>              | <input type="text"/> 3 | Að vera hrósað.                         |

Hjálp!

Á bls. 48-49


### 6. Settu x við tvennt sem merkir: *Gera þarf fleira en gott þykir.*

- Það á ekki að borða sælgæti. Það skemmir tennurnar.
- Sumt verður að gera, þótt það sé óþægilegt.
- Stundum þarf að fara út fyrir þægindarammann.
- Óttari finnst gott að borða, sérstaklega pönnukökur.

### 7. Í tveimur setningum er eitthvað gert af áfergju? Settu x við þær.

- Ari og Anna borðuðu grautinn með hangandi hendi.
- Krakkarnir horfðu á mynd í sjónvarpinu. Mamma kom með fulla skál af poppi. Þau kláruðu það á augabragði og báðu um meira.
- Óttar sturtaði kakóinu í sig í einum teyg.
- Óli var klukkutíma að reikna fjögur dæmi.  
Eftir hvert dæmi fór hann í tölvuleik í símanum sínum.

## Lesskilningur



### 1. Finndu seinni hluta setninganna og númeraðu.

1	Ég heyrði þegar pabbi ykkar	dyrabjölluna hjá Sæma.	<input type="text" value="3"/>
2	Við búum til tvö lið sem	hvaða maður þetta er.	<input type="text" value="4"/>
3	Að svo mæltu ýtir Ari hressilega á	festi körfuna í vegginn í gær.	<input type="text" value="1"/>
4	Ari er fyrstur til að átta sig á	strýkur yfir skallann.	<input type="text" value="5"/>
5	Maðurinn hlær um leið og hann	keppa í að skora körfu.	<input type="text" value="2"/>

### 2. Skrifaðu orðin sem vantar í setningarnar.


A black and white line drawing of a person with curly hair, wearing a dark t-shirt. They are holding their left hand to their chest, with their fingers pointing towards their heart, suggesting they are experiencing chest pain or discomfort.

- Og ég er með rosalegan

hjartslátt.

Óttar leggur höndina á

hjartastað.



**1. Finndu setningu sem passar við hverja mynd.**

- 4 Hann vill að krakkarnir hans og vinir þeirra geti leikið sér í garðinum.
- 1 Hann er með höndina á hjartastað.
- 3 Hann strýkur yfir skallann á sér.
- 2 Þau eru ekkert að flyta sér.

**2. Margt fer öðru vísni en ætlað er passar við tvær setningar. Settu x við þær.**

- Í veðurfréttunum var spáð sól og bliðu. Samt hellarignir.
- Ég er viss um að Óttar er í tölvuleik og nennir ekki út, sagði Ari. Það reyndist alveg rétt hjá honum.
- Foreldrar Elam ætluðu alls ekki að eiga heima á Íslandi.
- Pönnukökurnar hennar ömmu er alltaf jafn góðar á bragðið.

**3. Anna gefur Ara olnbogaskot. Af hverju?**

**Texti**

Maðurinn hlær um leið og hann strýkur yfir skallann á sér.

- Gott hjá þér að þekkja mig með þessa hárgreiðslu.

Og þið eruð í belkk með Sæma.


Er það ekki?

- Jú, en af hverju er allt hárið farið af þér? missir Ari út úr sér og fær um leið olnbogaskot frá Önnu.

Nemandi gæti svarað eitthvað í þessum dúr.

Önnu finnst Ari dónalegur.

Hún lætur hann vita af því með því reka í hann olnbogann.



1 Að taka stefnuna eitthvert.

4

Hópur af krökkum.

2 Skræfa.

1

Að fara í áttina að einhverju.

3 Nú lifnar yfir Ara.

5

Hann fór um leið og hann var búinn að tala.

4 Krakkaskari.

3

Hann verður glaður á svipinn.

5 Að svo mæltu fór hann.

2

Sá sem ekki þorir.

Hjálp!

Á bls. 49-50

Krakkarnir kviða  
fyrir að fara heim  
til Sæma.

Í textanum má  
finna 4 atriði sem  
sýna það.

Strikaðu undir þau  
í textanum.

### Texti

Ari, Anna og vinir þeirra lötra ofurhægt  
niður tröppurnar á Tröllagötu 1.

Þau taka stefnuna heim til Sæma,  
á Tröllagötu 20 og ræða skipulagið.

- Er ekki best að þið strákarnir hringið  
dyrabjöllunni og spyrið eftir Sæma?

Við Anna bíðum niðri á stéttinni á meðan,  
segir Elam.

- SKRÆFUR! segir Ari.

Við kviðum öll fyrir.


Ég er til dæmis kominn með  
svakalega magapínu.

- Og ég er með rosalegan hjartslátt.

Óttar leggur höndina á hjartastað.

## Lesskilningur

Tvö atriði í hverju verkefni eru rétt. Settu x við þau.



### 1. Sæmi flýtti sér heim úr skólanum vegna þess að

- hann vildi vera heima þegar læknirinn hringdi.
- hann átti að hjálpa pabba sínum.
- hann vildi vera viðstaddir til að vera viss um að heyra sannleikann.
- hann ætlaði að skoða einkunnirnar með pabba sínum.

### 2. Anna tekur forystuna því að

- hún vill vera fremst í röðinni í liðinu sínu.
- þá getur hún ráðið með hverjum hún er í liði.
- þá getur hún verið í sama liði og Sæmi.
- hún er vön að fá að ráða öllu.


### 3. Getið þið lesið hugsanir?

Af hverju segir Óttar þetta, þegar afi og amma birtast í garðinum:

A black and white illustration of an older couple in a kitchen. On the left, a woman with glasses and a necklace holds a long, thin object, possibly a rolling pin or a piece of dough. On the right, a man with a mustache holds a large metal bowl filled with eggs and flour. They are both smiling.

Af því að Óttar  
var orðinn svangur.

## Lesskilningur



Hvað er að gerast í sögunni?

Skrifaðu um það við hliðina á myndunum.

A black and white illustration of a man with a shaved head carrying a small child on his back. He is leaning over a wooden structure, possibly a boat or a deck, and appears to be working on it with tools. The child is looking towards the camera.

Sømi og Hrafn  
bíða eftir símtali  
frá lökninum.


A black and white illustration of four children playing basketball. One child is jumping and shooting the ball into a hoop. Other children are watching from the side and bench area.

Krakkarnir eru  
i körfuboltakeppni.

A black and white illustration of an older man and woman standing together. The woman is wearing glasses and a patterned sweater, holding a large roll of paper. The man is wearing a light-colored shirt and holding a tray filled with what looks like eggs or food.

Afi og amma koma  
med eithvad ad  
borda handa  
krökkunum út  
i gard.

## Með öðrum orðum



Hjálp!  
Á bls. 50

1 Þú bara gufaðir upp.

3

Þau héldu á ýmsu þungu  
í báðum höndum.

2 Hann er kominn í essið sitt.

1

Þú varst allt í einu horfinn.

3 Þau voru klyfjuð.

5

Að reyna að stjórna og  
ákveða  
hvernig eitthvað á að vera.

4 Þú ljómar  
eins og sól í heiði.

2



Hann er eins og hann er  
vanur að vera.

5 Að taka forystuna.


4

Þú ert aldeilis glaðlegur  
á svipinn.

Við hvaða mynd passar orðatiltækið:  
*Líf í tuskunum.*



## Lesskilningur



Finndu seinni hluta setninganna og númeraðu.

1	Það reyndist hvorki erfitt að fá Sæma út að leika né	nú er rétta augnablikið til að minnast á fótboltamótið.	<input type="text"/> 2
2	Á sömu sekúndunni skynja þau öll að	af því að þið vitið allt saman.	<input type="text"/> 5
3	Pabbi minn hefur ekkert getað unnið	að hitta pabba hans.	<input type="text"/> 1
4	Pabbi reiknaði út í gærkvöldi	í marga mánuði.	<input type="text"/> 3
5	Mér líður svo miklu betur innan í mér	hvað kostar að keyra milli Reykjavíkur og Akureyrar.	<input type="text"/> 4

Hvað er að gerast í sögunni?



Nemandi gæti svarað eitthvað í þessum dúr.


Krakkarnir finna að rétta augnablikið til að minnastá fótboltamótið er komið.

Ari segir: Okkur langar svo að þú komir með á Akureyrarmótið.

Sæmi sýgur upp í nefið af því að hann er alveg að fara að gráta.

Sæma líður illa.

# Lesskilningur



## Lestu textann

Sæmi segir ekki orð.  
Hann situr hreyfingarlaus,  
starir niður á teppið og sýgur nokkrum  
sinnum upp í nefið.  
Krakkarnir eru öll eins og á nálum.  
Hvað eiga þau að gera ef Sæmi  
fer að gráta eða rýkur í burtu?

**Tvö atriði eru rétt í hverju verkefni. Settu x við þau.**


**1. Sæmi starir niður á teppið og sýgur upp í nefið af því að**

- hann er kvefaður.
- hann nennir ekki að tala.
- hann er alveg að fara að gráta.
- honum líður alls ekki vel.

**2. Krakkarnir eru öll eins og á nálum merkir að**

- krakkarnir vita ekki hvað gerist næst og þeim finnst það erfitt.
- krakkarnir stinga sig á nálum sem amma hafði gleymt í teppinu.
- grasið undir teppinu stingst í rassinn á krökkunum.
- krakkarnir eru kvíðin og ó örugg.

## Með öðrum orðum



1 Að vera sjálfum sér líkur.

1

Að vera eins og maður er vanur að vera.

Hjálp!

Á bls. 51

2 Í þessum dúr.

3

Að ræða um það sama aftur og aftur frá mörgum hliðum.

3 Að ræða eitthvað fram og til baka.

4

Að renna til augunum á það sem er til hliðar.

4 Að skáskjóta augunum.

5

Að skipta ekki um skoðun.

5 Að verða ekki hnikað.

2

Eitthvað líkt þessu.

### 3. Vinur er sá sem í raun reynist á við tvær sögur. Settu x við þær.

Óttar og Gauti voru búnir að ákveða að vera saman eftir skóla.

- Áður en Óttar leggur af stað til Gauta, hringir hann til að vita hvort hann megi koma núna.
- Ég get ekki leikið, segir Gauti.
- Er einhver hjá þér, spyr Óttar.
- Já, Benni kom til míni og við erum í leik sem er bara fyrir two.

Anna og Elam eru að verða of seinar í sundtíma. Þær hlaupa eins hratt og þær geta. Elam hrasar og skólataskan hennar lendir í drullupolli. Anna nær í aukasokka í töskuna sína.

- Við þurrkum bækurnar og töskuna með þessum, segir Anna. Stelpurnar urðu auðvitað allt of seinar í tímann.

X


Óli og Ari eru á leiðinni heim af æfingu.

- Ég nenni ekki lengur að æfa handbolta, segir Óli. Pétur og Palli öskra alltaf á mig þegar ég missi boltann og segja að ég sé ömurlegur.
- Ekki hætta, segir Ari. Næst þegar þetta gerist skal ég benda Sigga þjálfara á að þeir séu leiðinlegir við þig.

Anna finnur ekki reikningsbókina sína. Hún leitar og leitar heima og allir hjálpa til, nema Ari. - Ég nenni sko ekki að leita að reikningsbókinni þinni, segir hann. Þegar Ari fer út, dettur Önnu í hug að kíkja í töskuna hans. Þar finnur hún reikningsbókina sína.

X

# Lesskilningur



Finndu sögu sem orðin geta átt við.

1. Að gera langa sögu stutta

2. Að útbúa

3. Örtröð

4. Innkoma

- Ég er svo svangur, sagði Óttar þegar hann kom heim úr fótbolta.  Hvað er í matinn? - Ég verð enga stund að búa til mat, sagði pabbi. Ég sýð pulsur handa þér.	Krakkarnir fóru í Kringluna á Þorláksmessu.  Í einni búðinni var svo margt fólk að þau stóðu föst í þvögu.  Þau komust hvorki áfram né afturábak.	Anna sagði mömmu frá því að krakkarnir hefðu beðið Sæma að koma út í leik.  Hún slepti nokkrum atriðum úr sögunni, til dæmis því sem hrökk út úr Ara þegar hann sá Hrafn.	Svakalega held ég að þessi kaupmaður græði, sagði Elam.  Það er allt að verða tómt í hillunum. Sá verður ríkur.
2	3	1	4

## Texti

Sumir sem komu versluðu  
alls ekki neitt.

Þeir komu bara til að  
setja peninga í kassann.

Af hverju heldur þú að sumir hafi ekki keypt  
neitt en samt sett peninga í kassann?

Nemandi gæti svarað eitthvað í þessum dúr.

Kannski vegna þess að fólkið vill styrkja  
Sæma og fjölskylduna hans en langar ekki  
að kaupa neitt.

Sumir koma vegna þess að þeim finnst  
gaman að hitta nágranna sína.